

Fundargerð 339. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2011, fimmtudaginn 9. júní kl. 12:15 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Már Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Ólafsson og Björn Arnaldsson í forföllum Skúla Þórðarsonar. Í símasambandi voru Guðný Sverrisdóttir og Steinþór Pétursson. Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir hafnasambands 2011 - 1101001HA

Lögð fram fundargerð 338. fundar frá 12. maí 2011 til staðfestingar.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Fjármál og rekstur hafna - 0605013HA

Á fundinn komu Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, og Valur Rafn Halldórsson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, og gerðu þeir grein fyrir samantekt um rekstur og fjárhagsstöðu hafna sem þeir hafa unnið upp úr ársreikningum hafnanna fyrir árið 2010.

Stjórnin óskaði eftir viðbótarupplýsingum sem Valur Rafn mun taka saman á næstu dögum.

Samþykkt var að vísa samantektinni til frekari umfjöllunar í nefnd um fjárhagsstöðu hafna. Jafnframt að hún verði birt á heimasíðu hafnasambandsins þegar viðbætur eru tilbúnar.

3. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Gísli Gíslason, annar fulltrúa hafnasambandsins í nefnd um endurskoðun hafnalaga, gerði grein fyrir starfi nefndarinnar.

Rætt var sérstaklega um 17. gr. um gjaldskrár hafna og 24. gr. um ríkisstyrktar framkvæmdir. Gísli mun senda frekari gögn til stjórnarmanna.

4. Hafnafundur 2011 - 1105001HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnafundar 2011.

Fram komu hugmyndir að breytingum á dagskrárrögunum, sem Gísli og Steinþór munu vinna frekar með.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 19. ágúst kl. 11:00.

Fundi var slitið kl. 13:50.

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Ólafur Örn Ólafsson

Steinþór Pétursson

Björn Arnaldsson

ritari